

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 14. júní kl. 9.07, var haldinn 195. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Karl Sigurðsson, Gísli Garðarsson, Stefán Benediktsson, Marta Guðjónsdóttir, Áslaug María Friðriksdóttir og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Músson, Þorsteinn Hermannsson og Helena Stefánsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. Loftlagsmál, kynning

Mál nr. US170191

Kynning á loftlagsmálum.
Kynnt.

Umhverfis- og skipulagsráð bókar: „Niðurstöður og ábendingar prófessors Larry G. Andersson ber að taka alvarlega enda benda þær til að loftgæði í Reykjavík séu mun verri en gengur og gerist í Bandarískum borgum. Frekari rannsókna er þörf í Reykjavík og nauðsynlegt að leggjast í þær sem fyrst. Því er lagt til að Umhverfis- og skipulagssviði ásamt heilbrigðiseftirliti verði falið að útfæra tillögur að slíku rannsóknarferli og hvaða breytingar eru nauðsynlegar til að ná fram betri skilningi á því hvernig bregðast megi við.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir og Áslaug María Friðriksdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir leggja fram eftirfarandi tillögu: „Í ljósi þess hversu oft svifryksmengun fer yfir viðmiðunarmörk í Reykjavík sem hefur heilsuspillandi áhrif og að þeim dögum fjölgar sem halda þarf börnum á leikskólum inni þar sem hún mælist mest, er lagt til að brugðist verði strax við með auknum þvotti og hreinsun gatna sem gæti haft þýðingarmikil áhrif í að draga úr þessari mengun.“

Samþykkt að vísa tillögunni til umhverfis- og skipulagssviðs og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Hrund Andradóttir frá Háskóla Íslands tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð

Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 9 júní 2017.

3. Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi, deiliskipulag

(01.7)

Mál nr. SN160832

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga Landmótunar, dags. 30. janúar 2017, að deiliskipulagi Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi. Deiliskipulagið nær yfir Kringlumýrarbraut og nærumhverfi hennar, frá Miklubraut að frárein upp á Bústaðaveg. Í tillögunni felst að komið er fyrir forgangsleið fyrir almenningssamgöngur í norður- og suðurátt ásamt því að skilgreina hjóla- og gönguleið og hljóðvegg meðfram lóðum við Stigahlíð. Einnig er lagður fram skýringaruppdráttur, dags. 30. janúar 2017, og hljóðvistarskýrsla, dags. 10. febrúar 2017. Tillagan var auglýst frá 1. mars til og með 20. apríl 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Edda Ýr Garðarsdóttir, dags. 5. mars 2017, Kristín Vala Erlendsdóttir, dags. 21. mars

2017, Valþór Druzin Halldórsson, dags. 27. mars 2017, Hallgrímur S. Sveinsson, dags. 12. mars 2017, þrjár sendingar 21. apríl og ein sending 22. apríl 2017, húsfélagið Stigahlið 45-47, Bakarameistarinn ehf., dags. 19. apríl 2017 og 56 íbúar við Stigahlið, dags. 20. apríl 2017. Einnig er lögð fram umsögn Landsamtaka hjólréiðamanna, dags. 11. apríl 2017, umsögn Hverfisráðs Hlíða, dags. 5. maí 2017 og ábending skrifstofu umhverfisgæða, dags. 12. júní 2017. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. júní 2017, og uppdr. Landmótunar, dags. 30. janúar 2017, br. 12. júní 2017. Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. júní 2017.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir og Áslaug María Friðriksdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir bóka: „Tekið er undir ábendingar íbúa að betra hefði verið að hafa göngu- og hjólastíginn fjær umferðargötunni til að tryggja betur öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Þannig yrði stígurinn meiri hluti af hverfinu sjálfu og hluti af útivistarsvæði þess.“

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Öskjuhlíð, Perlan, breyting á deiliskipulagi (01.762.5) Mál nr. SN170102
561204-2760 Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur
Lögð fram umsókn Landmótunar f.h. lóðarhafa mótt. 7. febrúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna lóðar Perlunnar nr. 1 við Varmahlið. Í breytingunni felst að gera byggingarreit fyrir nýtt mannvirki norðan við Perluna sem er að mestu neðanjarðar og tengist núverandi byggingu, breyta staðsetningu á nýjum heitaveitutanki o.fl., samkvæmt deiliskipulagsuppdr. Landmótunar sf., dags. 11. maí 2017. Einnig er lagður fram skýringaruppdr. Landmótunar sf., dags. 11. maí 2017, og greinargerð Landmótunar sf., dags. 11. maí 2017.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Skógarhlíð 20, breyting á deiliskipulagi (01.704.8) Mál nr. SN160891
660410-0230 Stofnun múslima á Íslandi ses., Pósthólf 8964, 128 Reykjavík
691205-1180 Teiknistofan Óðinstorgi HH ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Teiknistofunnar Óðinstorgi HH ehf., mótt. 25. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 20 við Skógarhlíð. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit hússins til vesturs, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Óðinstorgi HH ehf., dags. 21. desember 2016. Tillagan var auglýst frá 24. mars til og með 5. maí 2017. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Margrét Sveinsdóttir, dags. 10. apríl 2017, og 8 íbúar við Eskihlíð 24 og 26, dags. 4. maí 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. júní 2017.
Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. júní 2017.
Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254, (01.27) Mál nr. SN170081
breyting á deiliskipulagi
Að lokinni auglýsingu er lagt fram að nýju bréf Skipulagsstofnunar, dags. 21. júlí 2016, þar sem gerð er athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem hún er í ósamræmi við aðalskipulag hvað varðar fjölda íbúða. Einnig er lögð fram tillaga A2f arkitekta, að breytingu á deiliskipulagi reits 1.254, Kennaraháskólinn, dags. 31. janúar 2017. Í

breytingunni felst uppbygging á hluta núv. lóðar Kennaraháskóla Íslands fyrir byggingu 60 íbúða fyrir eldri borgara og allt að 100 íbúða fyrir námsmenn. Auk þess sem skilgreindar verða upp á nýtt byggingarheimildir fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands. Einnig er lögð fram umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 25. janúar 2016, húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, Bólstaðarhlíð 31, Stakkahlíð 31, Háteigsvegur, dags. 2016 og samantekt skipulagsfulltrúa af kynningarfundum sem haldinn var 9. mars 2016. Tillagan var auglýst frá 10. apríl til og með 22. maí 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Daniel Jakobsson, dags. 30. mars 2017, Valgerður Katrín Jónsdóttir f.h. eigenda 1. hæðar að Bólstaðarhlíð 31, dags. 3. apríl 2017, ásamt tölvupósti, dags. 7. maí 2017, og Valdis Ólafsdóttir, dags. 18. maí 2017. Einnig er lögð fram umsögn Hverfisráðs Hlíða, dags. 5. maí 2017. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 9. júní 2017.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 9. júní 2017.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir og Áslaug María Friðriksdóttir bóka: „Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að margt hafi tekist vel í tillögum að skipulagi á lóð Kennaraháskólans en telja að vegna fjölda athugasemda íbúa þurfi að vinna betur með nánari útfærslu skipulagsins í samráði við þá. Þá er það gagnrýnt að ekki sé gert ráð fyrir meira en 0,2 bílastæðum við stúdentaíbúðir á svæðinu sem mun hafa í för með sér að lagt verður í íbúagötur í næsta nágrenni í auknum mæli. Ennfremur er bent á að mikilvægt sé að komið verði fyrir undirgöngum eða göngubrú yfir Miklubraut þar sem nú eru gönguljós við Stakkahlíð. Þessi göngutenging er mikilvæg fyrir alla íbúa, eykur umferðaröryggi gangandi vegfarenda, bætir umferðarflæði og tengir Hlíðarnar betur saman.“

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

7. Grensásvegur, kynning Mál nr. SN170478
Kynning á úttekt á útfærslu Grensásvegar í tengslum við rammaskipulag Skeifunnar.
Kynnt.

Fulltrúar Trípólí arkitekta Andri Gunnar Lyngberg Andrússon og Jón Davíð Ásgeirsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US170018
fyrirspurn vegna útleigu atvinnuhúsnæðis í
Reykjavík til búsetu

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 18. janúar 2017 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Hildar Sverrisdóttur: Þann 15. janúar sl. kom upp eldur í atvinnuhúsnæði í Kópavogi þar sem bjuggu allt að 15 manns. Í samtölum við slökkviliðsstjóra og fleiri fulltrúa slökkviliðsins hefur ítrekað komið fram að brunavarnir eru í mjög mörgum tilfellum ófullnægjandi í svona atvinnuhúsnæði sem engan veginn er ætlað til íbúðar en er samt notað til þess. Til viðbótar við þetta búa margir í ósamþykktu íbúðarhúsnæði í borginni. Þetta tengist húsnæðisskorti í Reykjavík og því er mikilvægt að átta sig á hversu viðtækur vandinn er. Því óska fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Hildur Sverrisdóttir, eftir upplýsingum um það hvað talið er að margir búi í atvinnuhúsnæði í Reykjavík. Einnig er lagt fram minnisblað SHS, dags. 2. júní 2017, um kortlagningu óleyfisbúsetur í atvinnuhúsnæði.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir og Áslaug María Friðriksdóttir bóka: „Það er óásættanlegt að vísbendingar séu um að yfir 1450 manns í Reykjavík búi í atvinnu- og iðnaðarhúsnæði og sjái sig tilneydda til að búa í slíku húsnæði. Þessi alvarlega staða og það neyðarástand sem ríkir í húsnæðismálum er afleiðing

langvarandi lóðaskortsstefnu í borginni og þeirri húsnæðisstefnu sem meirihlutflokkarnir hafa staðið fyrir.“

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Stefán Benediktsson, fulltrúi Bjartrar framtíðar Karl Sigurðsson og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Gísli Garðarsson bóka: „Framboðsskort á íbúðum í Reykjavík má fyrst og fremst rekja til þess hve lítið var byggt á fyrstu árunum eftir hrun eftir að hagstjórn Íslands áratuginu á undan setti fyrirtæki landsins á hausinn. Aldrei hafa verið fleiri íbúðir samþykktar af byggingarfulltrúanum í Reykjavík en á undanförunum árum ef undanskilin er uppbygging Breiðholts fyrir nokkrum áratugum síðan. 1450 íbúar er áætluð tala ef ýmsar óvissar forsendur ganga upp. Þess má geta að miðað við þessa áætluðu tölu væri hlutfall íbúa í óleyfisbúsetu í atvinnuhúsnæði í Reykjavík rétt rúmlega 1% á meðan hlutfallið er talsvert hærra í Hafnarfirði, þar sem það er rúmlega 4%, og Kópavogi og Garðabæ, þar sem það er tæplega 2%. Ef fulltrúar Sjálfstæðisflokksins kjósa að tengja þessar tölur við stöðuna í húsnæðismálum sveitarfélaganna mætti kannski spyrja hvað í ósköpunum sé í gangi í húsnæðismálum nágrannasveitarfélaganna þar sem flokksfélagar þeirra eru við völd.“

Bjarni Kjartansson sviðsstjóri forvarnasviðs og Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

9. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð
Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 928 frá 13. júní 2017.
10. Hverfisgata 88A, Endurgert og flutningur - (01.174.003) Mál nr. BN052505
ofanábygging
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. mars 2017 þar sem sótt er um leyfi til að flytja hús sem áður stóðu á Hverfisgötu 90 og 92, endurbyggja á nýrri 1. hæð og kjallara og innrétta verslun á jarðhæð og tvær íbúðir á efri hæðum á lóð nr. 88A við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 30. mars 2017.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.000
Frestað.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Hverfisgata 90, 90A - Niðurrif (01.174.006) Mál nr. BN052899
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. maí 2017 þar sem sótt er um leyfi til að rífa hús, í stað þess að flytja það, á lóð nr. 90A við Hverfisgötu.
Stærðir: Mhl.02 79,7 ferm. Erindi fylgir tölvupóstur umsækjanda dags. 03.05.2017 og minnisblað Lotu verkfræðistofu dags. 14.03.2017. Gjald kr. 11.000
Frestað.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. Hverfisgata 90, Kvistur, svalir, breyting inni (01.174.006) Mál nr. BN052504
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. mars 2017 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, byggja kvist á götuhlið og fjarlægja stigahús á bakhlið fjölbýlishúss á lóð nr. 90 við Hverfisgötu.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.000
Frestað.

Margrét Þómar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. Hverfisgata 92, Niðurrif (01.174.007) Mál nr. BN052898
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. maí 2017 þar sem sótt er um leyfi til að rífa hús, í stað þess að flytja það, á lóð nr. 92 við Hverfisgötu.
Stærðir: Mhl.01 154,1 ferm. Erindi fylgir tölvupóstur umsækjanda dags. 03.05.2017 og minnisblað Lotu verkfræðistofu dags. 14.03.2017. Gjald kr. 11.000
Frestað.

Margrét Þómar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 12:15 vikur Áslaug María Friðriksdóttir af fundi og Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum í hennar stað.

(C) Fyrirspurnir

14. Njálsgata 60, (fsp) breytingu á deiliskipulagi (01.190.3) Mál nr. SN170300
470711-0270 Leigubjónustan ehf., Lækjarfít 21, 210 Garðabær
510903-3150 ArkAust sf-Arkitektabj. Austurl, Bjarnhólastig 2, 200 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn Leigubjónustunnar ehf., mótt. 29. mars 2019, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 60 við Njálsgötu sem felst í að rífa niður húsinn á lóðinni, en halda skúrnum á bakhluta lóðarinnar og nýta hann sem sorpgeymslu, og byggja fjölbýlishús með 11 litlum íbúðum, samkvæmt uppdr. Arkitektabjónustu Austurlands, dags. 1. mars 2017. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir Arkitektastofu Austurlands, dags. 1. desember 2016, minnisblað verkþjónustu Hjalta slf., dags. 22. febrúar 2017, greinargerð arkitekts, dags. 28. mars 2017, umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 15. mars 2017, og umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 31. maí 2017. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. júní 2017.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. júní 2017, samþykkt.

Margrét Þómar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 12:30 vikur Marta Guðjónsdóttir af fundi og Björn Gíslason tekur sæti á fundinum í hennar stað.

15. Snorrabraut 60, (fsp) uppbygging (01.193.4) Mál nr. SN170415
440417-1240 Snorrahús ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
681194-2749 Kanon arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kanon arkitekta ehf., mótt. 16. maí 2017, ásamt greinargerð, dags. 10. maí 2017, um uppbyggingu á lóð nr. 60 við Snorrabraut, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf., dags. 16. maí 2017. Einnig er lögð fram viljayfirlýsing Byggingarfélags námsmanna, dags. 15. maí 2017. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. júní 2017.
Ekki er gerð athugasemd við erindið með skilyrðum og leiðbeiningum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. júní 2017.

Borghildur Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

16. Byggingarfulltrúi, ársfjórðungsskýrsla Mál nr. US170183
Lögð fram skýrsla byggingarfulltrúa fyrir 1. ársfjórðung 2017.
Kynnt.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

17. Sorpa bs., fundargerð Mál nr. US130002
Lögð fram fundargerð Sorpu bs. nr. 376 frá 9. júní 2017.

18. Mjölnisholt/Ásholt, einstefna Mál nr. US170181
Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 7. júní 2017 þar sem lagt er til að sett verði einstefna í Mjölnisholt frá Brautarholti að Ásholti 34 og í Ásholti frá Laugavegi að Brautarholti.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

19. Kleppsvegur 6, bílastæði fyrir hreyfihamlaða Mál nr. US170180
Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 7. júní 2017, um að gera bílastæði fyrir hreyfihamlaða að Kleppsvegi 6.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

20. Háaleitisbraut/Lágmúli, tíð óhöpp Mál nr. US170182
Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 8. júní 2017, varðandi gatnamót Háaleitisbrautar og Lágmúla en ábendingar hafa borist frá lögreglu, umferðarstofu o.fl. um tíð óhöpp í gatnamótunum. Í Betri Reykjavík var kosið að setja gangbrautarljós á Háaleitisbraut á móts við Álftamýri en til stendur að fara í þær aðgerðir á þessu ári. Lagt er til að samhliða verði miðeyju á Háaleitisbraut gegnt Lágmúla lokað og leyfð verði vinstri- og U- beygja austar á Háaleitisbraut.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

21. Vonarstræti, gangbraut Mál nr. US170190
Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 9. júní 2017, þar sem lagt er til að sett verði gangbraut yfir Vonarstræti móts við Ráðhús Reykjavíkur.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

22. Miðborgin, safnstæði fyrir hópþífreiðar Mál nr. US140187
(USK2013020026)
Kynning á vinnu um safnstæði fyrir hópþífreiðar í miðborginni.
Kynnt.

23. Borgartorg við Tryggvagötu 13-15, tillaga Mál nr. US170189
Lögð fram tillaga Landmótunar, dags. 8. júní 2017, að borgartorgi við Tryggvagötu 13-15.
Samþykkt.

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

24. Betri Reykjavík, gamla anddyri Mál nr. US170184
Laugardalslaugarinnar (USK2017060006)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram erindið "gamla anddyri Laugardalslaugarinnar" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 2. júní 2017. Erindið var efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

25. Betri Reykjavík, leiksvæði Öldugötu 21 Mál nr. US170188
(USK2017060010)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram erindið "leiksvæði Öldugötu 21" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 2. júní 2017. Erindið var fimmta efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

26. Betri Reykjavík, laga göngubrá yfir Elliðaá Mál nr. US170185

(USK2017060007)

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "laga göngubrú yfir Elliðaá" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 2. júní 2017. Erindið var önnur efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflokknum samgöngur. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

27. Betri Reykjavík, göngubrú yfir Bústaðaveg (USK2017060008) Mál nr. US170186

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "göngubrú yfir Bústaðaveg" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 2. júní 2017. Erindið var þriðja efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum samgöngur. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

28. Betri Reykjavík, hundagerði í Gufunesi (USK2017060009) Mál nr. US170187

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "hundagerði í Gufunesi" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 2. júní 2017. Erindið var fjórða efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflokknum umhverfismál. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæði.

29. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, innleiða menningarstefnu inn í skipulag Mál nr. US170128

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 22. mars 2017 var lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

"Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að skoða hvernig innleiða má menningarstefnu borgarinnar inn í skipulag með árangursríkari hætti en verið hefur. Skoða verði hvernig hægt er að draga einkenni hverfanna fram og hvort styrkja megi svæði ákveðnum ákveðnum menningarverkefnum. Þannig mætti til dæmis skipuleggja sérstök svæði tileinkuð tónlist eða hönnun og margt fleira í þeim dúr." Frestað.

30. Brautarholt 26 og 28, breyting á (01.250.1) Mál nr. SN170261

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

561208-0690 Karl Mikli ehf., Litlakrika 42, 270 Mosfellsbær

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 1. júní 2017 um auglýsingu varðandi breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðanna nr. 26 og 28 við Brautarholt.

31. Fiskislóð 43, breyting á deiliskipulagi (01.086.6) Mál nr. SN170358

660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

630317-0450 F43 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 1. júní 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðar nr. 43 við Fiskislóð.

32. Fiskislóð 45, breyting á skilmálum (01.087.6) Mál nr. SN170206

490216-0650 GP-arkitekt ehf., Litlubæjarvör 4, 225 Álftanes

620908-0610 Húsfélagið Fiskislóð 45, Fiskislóð 45, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 1. júní 2017 varðandi auglýsingu á breytingu á skilmálum deiliskipulags Örfiriseyjar vegna lóðar nr. 45 við Fiskislóð.

33. Hólavað 63-71, breyting á deiliskipulagi (04.741.6) Mál nr. SN170074

120944-2669 Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 1. júní 2017 um breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna raðhúss á lóð nr. 63-71 við Hólavað.

34. Kárastígur 3, breyting á deiliskipulagi (01.182.3) Mál nr. SN170187
640306-0250 Vestinvest ehf, Bildshöfða 14, 110 Reykjavík
110269-4399 Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, Úthlið 9, 105 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 1. júní 2017 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.182.3, Kárastígsreits austur, vegna lóðarinnar nr. 3 við Kárastíg.
35. Kjalarnes, Hof, lýsing, deiliskipulag Mál nr. SN160598
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 1. júní 2017 um auglýsingu á nýju deiliskipulagi fyrir Esjuhof, spildu úr Hofslandi I við Esjurætur á Kjalarnesi.
36. Klettagarðar 27, breyting á deiliskipulagi (01.324.2) Mál nr. SN170224
411009-2110 DGV ehf., Höfðatúni 2, 105 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 1. júní 2017 um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 27 við Klettagarða.
37. Norðurbrún 2, breyting á deiliskipulagi (01.352.5) Mál nr. SN170055
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 1. júní 2017 varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Norðurbrún.
38. Templarasund 3 og Kirkjutorg 4, breyting á deiliskipulagi (01.141.2) Mál nr. SN170330
570209-0940 Þórsgarður hf., Kirkjutorgi 6, 101 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 1. júní 2017 um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi reits 1.141.2 vegna lóðarinnar nr. 3 við Templarasund og nr. 4 við Kirkjutorg.
39. Vesturgata 30, breyting á deiliskipulagi (01.131.2) Mál nr. SN170058
661107-0570 Hafnarstræti 1 ehf, Vesturgötu 32, 101 Reykjavík
590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. júní 2017, um samþykki borgarráðs dags. 1. júní 2017 um breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 30 við Vesturgötu.

Fundi slitið kl. 14:15

Hjálmar Sveinsson

Karl Sigurðsson
Gísli Garðarsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Stefán Benediktsson
Björn Gíslason
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 13. júní kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 928. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Arngrímsgata 5** (01.550.701) 221201 Mál nr. BN052975
510391-2259 Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7, 150 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja "Hús íslenskra fræða", sporöskjulaga, þrjár hæðir og kjallari auk bílarkjallara fyrir 60 bíla, staðsteypt og með veðurhjúp úr cortenstáli á lóð nr. 5 við Arngrímsgötu.
Erindi fylgir brunahönnun frá EFlu dags. 16. maí 2017 og skýringasett sem sýnir breytingar frá áður samþykktu erindi BN044048.
Stærð, A-rými: 6. 464,5 ferm., 28.415,4 rúmm.
B-rými: 2.271,3 ferm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Álagrandi 6** (01.521.606) 197240 Mál nr. BN052940
061169-3859 Sigurjón Ólafsson, Álagrandi 6, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tímburhús sem nota á sem tómstundahús með einhalla þaki, með steiptum sökklum og steyptri og einangraðri gólfplötu, innréttu baðherbergi og eldunaraðstöðu á lóð nr. 6 við Álagranda.
Stærð: 34 ferm., 121,6 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Ásvallagata 48** (01.139.118) 100763 Mál nr. BN053008
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
670812-0810 Almenna C slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að rífa einbýlishús og byggja fjölbýlishús á lóð nr. 48 við Ásvallagötu.
Stærð: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Bíldshöfði 18** (04.065.002) 110672 Mál nr. BN052790
480207-0760 Fasteignafélagið GS ehf, Bíldshöfði 18, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum í mhl. 02 sem felast í breytingum á innra fyrirkomulagi og útliti á húsi á lóð nr. 18 við Bíldshöfða.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
Umsækjandi hafi samband við yfirverkfræðing hjá byggingarfulltrúa vegna húsaskoðunar.
- Bíldshöfði 8** (04.064.001) 110667 Mál nr. BN052886
701277-0239 Brimborg ehf., Bíldshöfði 6, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja smávörulager við suðurhlíð húss á lóð nr. 8 við Bíldshöfða.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. júní 2017 fylgir erindinu.

Stærðir: x ferm., x rúmm.

Gjald kr. 11.000

Synjað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2017.

6. **Blikastaðavegur 2-8** 204782 Mál nr. BN052943
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sótt um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými I og J á milli mátlína 11-15 í verslunarhúsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Bragagata 34** (01.186.633) 102328 Mál nr. BN050359
420500-2540 KTF ehf, Laugavegi 2, 101 Reykjavík
120376-3819 Einar Sturla Möinichen, Stigahlið 82, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús með því að gera nýja íbúð á 1. hæð, breyta stiga á bakhlið, endurnýja geymsluskúr á baklóð og setja svalir á suðurhlíð rishæðar á húsi á lóð nr. 34 við Bragagötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. janúar 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2016.
Jafnframt er erindi BN049369 dregið til baka og erindi BN048845 felld úr gildi.
Gjald kr. 9.923
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísað til uppdráttar A01, A02 dags. 6. júní 2017.
8. **Bæjarflöt 15** (02.576.203) 179498 Mál nr. BN052976
550896-2149 Spöng ehf., Bæjarflöt 15, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera rými 0102 að sér eignarhluta ásamt því að breyta innra fyrirkomulagi, brunahólfun og flóttaleiðum í húsi á lóð nr. 15 við Bæjarlind.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
9. **Dalaland 1-11 2-16** (01.850.201) 108757 Mál nr. BN052978
170375-6029 Guðmundur Benedikt Friðriksson, Rauðalækur 71, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi í kjallara ásamt því að breyta mörkum eignarhluta í húsi nr. 4 á lóð nr. 1-16 við Dalaland.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
10. **Drápuhlíð 38** (01.713.007) 107218 Mál nr. BN052183
141076-3109 Freyr Halldórsson, Drápuhlíð 38, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr á vesturhlíð húss, saga niður úr glugga á vesturhlíð íbúðar 0101, koma fyrir hurð og stálbrú út á bílskúr og tröppur frá bílskúrspaki niður á lóð fjölbýlishúss nr. 38 við Drápuhlíð.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar umhverfis- og skipulagsráðs frá 24. maí 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2017.
Erindið var grenndarkynnt frá 14. febrúar til og með 14. mars 2017 fyrir hagsmunaaðilum að Drápuhlíð 35, 36, 37, 39 og 40 og Blönduhlíð 25, 26 og 29.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ásgerður Fríða Vigfúsdóttir og Fjölur Ernis Sigvaldason, dags. 10. mars 2017 og Brynhildur Sch. Thorsteinsson, dags. 11. mars 2017.

Samþykki meðlóðarhafa fylgir erindinu.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa SN160442 dags. 10. júní 2016.

Stærð bílskúr: 28,0 ferm., 88,2 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokhaldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

11. **Eggertsgata 2-34** (01.634.-99) 106682 Mál nr. BN052738
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík
